

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2001

18. september 2001

2705

Nr. 898

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróagjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 3. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi nr. 841/2001.

2. gr.

Rotþróagjald árið 2002 er kr 3.000 á rotþró.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps 17. september 2001, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, tekur gildi 1. janúar 2002.

Borgarfirði, 18. september 2001.

Magnús Þorsteinsson oddviti.

26. nóvember 2001

Nr. 899

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“,
v/Grandatraðar 10, Hafnarfirði.**

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 23. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“, v/Grandatraðar 10, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur er tvöfaldaður á lóðinni og bílastæðum fjölgað í samræmi við stækkun.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. nóvember 2001.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.